

Ályktun.

Öldungaráði vill koma á framfæri tilmælum til bæjarstjórnar að við skipulagningu nýrra byggingasvæða og uppbyggingu húsnæðis, sem nú er unnið að, verði tekið tillit þarfa eldra fólks og þar verði gert ráð fyrir íbúakjarna með þarfir þess að leiðarljósi. Hvetur Öldungaráð aðila sem að þessum málefnum vinna að leita samráðs við Félag eldri Hornfirðinga m.a. um þennan þátt vinnunnar.

Greinagerð.

Það liggur fyrir að ekki er meira byggingarland til staðar þar sem íbúðir fyrir 60+ hafa verið reistar fram að þessu. Nauðsynlegt er því að gera ráð fyrir, að í þeirri skipulagsvinnu sem nú á sér stað, verði gert ráð fyrir húsnæði sem hentar eldri íbúum sveitarfélagsins þ.e. íbúðum sem verða vel í “sveit settar” og með þjónustukjarna. Sennilega æskilegt að verulegur hluti þeirra verði leiguíbúðir, óhag náðar drifnar. Engir eru hæfari til þess að benda á þarfir eldri borgara í þessum efnum en þeir sjálfir.